



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

2.tbl – Febrúar 2016

Skráningu lauk á alþjóðlega sýningu HRFÍ **29. janúar**. Góð skráning var á sýninguna sem verður haldin helgina 27.-28. febrúar í reiðhöllinni í Víðidal en 623 hundar af 84 tegundum eru skráðir til leiks. Fimm dómarafrá jafnmörgum löndum munu mæta og dæma hundana eftir bestu getu. Engin undantekning er í ár á því að mikil eftirvænting er eftir þessari fyrstu sýningu ársins og búist er við að hún verði hin glæsilegasta.

Vinnuhundadeild HRFÍ stóð fyrir fyrsta hlýðniþrófi ársins þann **24. janúar** í reiðskemmuni á Kjávöllum. Þrjú hundar voru skráðir í bronsmerkjapróf og einn hundur í hlýðni II. Border collie-tíkin Vista og Silja Unnarsdóttir náðu einstökum árangri í bronsinu eða 178 stigum af 180 mögulegum. Í hlýðni II keppti Hildur Pálsdóttir með schäfer-tíkina Ynju og hlutu þær 182,5 stig af 200 mögulegum. Dómari var Þórhildur Bjartmarz, prófstjóri Brynhildur Bjarnadóttir og ritari var formaður Vinnuhundadeildar, Ragnhildur Gísladóttir.



Á döfinni:

Aðalfundur Vorstehdeildar verður haldinn miðvikudaginn **10. febrúar** kl. 20:00 í Sólheimakoti. Dagskrá: Venjuleg aðalfundastörf, önnur mál. Athygli er vakin á að tvö sæti eru laus í stjórn.

Royal Canin hvolpasýning HRFÍ verður haldin föstudagskvöldið **26. febrúar** í reiðhöllinni í Víðidal. Þrjú dómarafrá þremur löndum munu mæta og velja bestu hvolpa tegundar. Þeir munu svo seinna um kvöldið keppa til úrslita í tveimur aldursflokkum, 3-6 mánaða og 6-9 mánaða, um bestu hvolpa sýningar. 124 hvolpar eru skráðir til leiks af 31 tegund svo margt verður um manninn og mikil stemning.

Keppni ungra sýnenda fer fram sama kvöld **26. febrúar** einnig í reiðhöllinni í Víðidal. Þar munu keppa 13 krakkar í yngri flokki, 10-12 ára og 15 krakkar í eldri flokki, 13-17 ára. Dómari í þeirri keppni verður hinn virti atvinnusýnandi Marc Linnér frá Svíþjóð. Ungir sýnendur er flokkur fyrir krakka og unglínga á aldrinum 10-17 ára. Keppt er í ungum sýnendum á hundasýningum um allan heim. Í ungum sýnendum dæmir dómari sýnandann, þ.e. hvernig hundurinn er sýndur, hvernig honum er stillt upp, hvernig hann er hreyfður, hvernig sambandið er milli sýnanda og hunds, hvort sýnandinn þekki tegund hundsins o.s.frv.

Alþjóðleg sýning HRFÍ fer fram helgina **27.-28. febrúar** á sama stað í reiðhöll hestamannafélagsins Fáks í Víðidal. Glæsileg skráning er á sýninguna og mun stemningin verða eftir því. Mikil eftirvænting er í fólki að hefja sýningarárið og verður spennandi að sjá hvaða hundar munu skara fram úr að mati dómara. Fimm dómarafrá fimm löndum munu mæta til leiks og velja bestu fulltrúa hverjar tegundar. Þeir munu svo keppa um besta hund sýningar á sunnudeginum. Sýningin mun hefjast klukkan 09:00 báða daga og munu dómara standa fram eftir degi alla helgina.

Augnskoðun HRFÍ mun fara fram á sama tíma og sýningin **27.-28. febrúar**. Hinn virti dýralæknir Jens Kai Knudsen frá Danmörku mætir og athugar hvort að einhverjir augnsjúkdómar séu í hundunum okkar. Jens sérhæfir sig í augnsjúkdómum dýra og getur því metið hvort að þessir sjúkdómar séu til staðar. Margar tegundir þarf að augnskoða en undaneldishundar þurfa að vera lausir við sjúkdóma til þess að rækta megi undan þeim. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að þeir erfist áfram.